

Glæpakynslóð
fjarar út



Prófessor selur
matarvagn



Fögnum
fjölbreytileikanum
nettó



Lífið > 18

Lífið > 20

FRÉTTABLAÐIÐ

157. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 4. ÁGÚST 2022



Björgunarsveitarfólk fylgdist með sjónarspilinu sem fylgir eldgosinu sem hófst í Meradölum í gær. Gönguleið að gosstöðvunum er löng og grýtt og ráðlegt að vera vel búin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hrauninu spáð upp úr dalverpinu í nótt

Eldgos hófst í vestanverðum Meradölum í nótt. Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur sagði í gærkvöldi að hraun myndi líklega flæða upp úr dalverpinu í nótt og ofan í Meradali. Innviðir væru ekki í hættu næstu mánuðina. Sérfræðingur segir að sæstrengur þurfi til að tryggja raforku út á Reykjanes ef illa fer.

ragnarjon@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

ELDGOS „Það er bara komið eldgos. Þetta er kannski tvisvar sinnum meira en síðast, sem getur nú varla

talist mjög mikið,“ sagði Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur í gærkvöldi um nýja eldgosid sem hófst í vestanverðum Meradölum í gær.

Eftir öfluga jarðskjálftahrinu á Reykjanesskaganum síðustu daga braust hraun upp yfirborðið við gossvæðið frá í fyrra um klukkan hálf tvö í gær. Á fundi Almanna- varna í gær kom fram að áætlað sé að hraunflæðið nú sé á bilinu fimm til tíu sinnum meira en í gosinu sem hófst í mars í fyrra.

„Ef þetta heldur áfram sem horfir þá fyllist dalurinn í nótt. Þá lekur þetta líklegast niður í Meradali eða mögulega hérna norður



Ef þetta heldur áfram sem horfir þá fyllist dalurinn í nótt. Þá lekur þetta líklegast niður í Meradali eða mögulega hérna norður fyrir.

Ármann Höskuldsson,
eldfjallafræðingur

fyrir. Mestar líkur eru á Meradölum,“ útskýrði Ármann spurður um hvert hraunið muni leita. Hann sagði innviðum ekki vera ógnað – ekki í bili að minnsta kosti. „Nei, ekki nema þetta haldi áfram í einhverja mánuði,“ svaraði eldfjallafræðingurinn sem kvað ekkert hægt að segja til um hversu lengi gosið muni standa.

Grindvíkingar fögnuðu nýja gosinu innilega því fari á sömu lund og í fyrra hættir jörð nú að skjálfa. Dijana Una Jankovic, starfsmaður á bæjarskrifstofunum, fór strax í bakari þegar fréttirnar bárust.

„Ég er svo hrædd við jarðskjálfta og þegar ég heyrði frétt-

irnar um að gos væri byrjað fór ég og keypti kóku fyrir starfsfólkið hér á bæjarskrifstofunni,“ segir Dijana.

Þótt gosið ögni ekki innviðum að svo stöddu er það líklega aðeins stakur atburður í aldalangri umbrotahrinu sem nú er hafin á Reykjanesskaganum.

Sérfræðingur í áhættugreiningu telur að háspennulínurnar á Reykjanesi séu í mun meiri hættu á að verða hrauni að bráð en Reykjanessbrautin. Hann telur heppilegast að leggja sæstreng milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur til að tryggja raforkuflutning til Reykjaness.

sjá síður 2, 4 og 6

ÞAÐ MÁ
LEIKA SÉR
AÐ MATNUM!

Skutlaðu
pizzunni
á grillið í
sumar!

KRONAN



Hlutabréf í Icelandair hækkuðu við tíðindi af gosinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Margir skoðuðu síðu Icelandair

gar@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Guðni Sigurðsson, starfsmaður á samskiptasviði Icelandair, segir að umferð um vef félagsins hafi aukist verulega eftir að tíðindin af gosinu í Meradölum spurðust út í gær. Enn sé of snemmt að segja til um hvort gosið skili sér í aukningu í bókunum.

„Við sjáum þetta betur með tíð og tíma. Þetta fer dálítið eftir því hvernig umfjöllunin um gosið verður í erlendum miðlum og hvort fólk sjái þetta sem spennandi atburð að fylgjast með,“ segir Guðni.

Gengi hlutabréfa í Icelandair hækkaði um 3,21 prósent í Kauphöll Íslands eftir að fréttir bárust af eldgosinu í gær.

Ekki fengust upplýsingar frá flugfélaginu Play í gær um hugsanleg áhrif eldgosins á bókunarstöðu félagsins. ■

Sumarsigling



Rólegt var yfir Reykjavíkurhöfn í gær þótt eldgos væri hafið á Reykjanesskaga. Seglskúta lá við festar og ungmenni sigldu um á lystibáti með regnbogafána við hún. Inni í bænum halda Hinsegin dagar áfram með sinni fjölskrúðugu dagskrá og gleði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Óvenjukalt hefur verið í Drekagili undanfarna daga.

MYND/ADSEND

Sjöundi dagur snjókomu í Drekagili

ragnarjon@frettabladid.is

VEÐUR Óvenju kalt hefur verið í Drekagili við eldfjallið Öskju í sumar en snjór hefur fallið þar sjö daga í röð. Sigurður Erlingssonar landvörður segir þetta ansi óvenjulegt.

„Það kemur alltaf fyrir að snjóí en að það sé snjór í Öskju um mánaða-

mótin júlí og ágúst í heila viku, ég man ekki eftir því,“ segir Sigurður og bætir við: „hér byrjaði að snjó á föstudagskvöld og það hefur bara ekki hætt síðan og þetta er ekki einu sinni fyrsti snjór vetrarins, það var 3. júlí,“ segir Sigurður og bætir kíminn við að „þetta er samt þannig að veturinn þetta sumarið er búinn að vera tiltölulega mildur.“ ■



Jólin hefjast á Jómfrúnni

Jólamatseðill frá 10. nóvember.
Kom glad!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is

Fagnaði lokum jarðskjálfta og upphafi gossins með köku

Dijana Una Jankovic, starfsmaður á bæjarskrifstofu Grindavíkur, las fréttir í gær og sá að eldgos væri hafið og skjálftahrinunni líklega lokið. Dijana er hrædd við jarðskjálfta og ákvað því að gleðjast, brunaði út í bakarí og keypti marsípanköku fyrir samstarfsfólk sitt – sem gladdist með enda kakan góð.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Dijana Una Jankovic, starfsmaður á bæjarskrifstofu Grindavíkur, fagnar að eldgos sé hafið að nýju og skjálftahrinunni sé þar með væntanlega lokið.

Um leið og Dijana sá fréttirnar um að gos væri hafið brunaði hún út í bakarí og keypti marsípanköku fyrir starfsmenn bæjarskrifstofunnar, með bleiku kremi.

„Ég er svo hrædd við jarðskjálfta og þegar ég heyrði fréttirnar um að gos væri byrjað fór ég og keypti köku fyrir starfsfólkið hér á bæjarskrifstofunni,“ segir Dijana.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og forsetafrú, Eliza Reid, voru stödd í Grindavík í gær þar sem þau stoppuðu meðal annars á bæjarskrifstofunni og sýndu Dijönu og öðrum bæjarbúum stuðning enda hafa Grindvíkingar verið svefnvana undanfarið í skjálftahrinunni.

„Við fengum heimsókn frá forsetanum og Elizu. Þau stoppuðu hér á skrifstofunni og sýndu okkur mikinn stuðning,“ segir Dijana sem stólar á forsetahjónin í framtíðinni.

„Það er ljóst að þau verða að drífa sig hingað aftur ef jarðskjálftarnir byrja á ný því þá hætta þeir og gosið byrjar,“ segir hún og hlær.

Dijana vinnur í afgreiðslunni á bæjarskrifstofunni og býr í blokk í



Eldgosskaffi á bæjarskrifstofum Grindavíkur. Frá vinstri; Guðbjörg Eyjólfsdóttir, Dijana Una Jankovic og Fanný Þóra Erlingsdóttir.

MYND/ELLEN AGATA JÓNSDÓTTIR



Ég bý á þriðju hæð og finn nánast alla skjálfta sem mælast. Ég er bara mjög hrædd við þetta og þess vegna er ég svona glöð.

Dijana Una Jankovic

Grindavík á þriðju hæð. Hún segir að hver einasti skjálfti sem mælist finnst heima hjá henni og það sé allt annað en skemmtilegt. Hún er frá fyrrum Jógóslavíu þar sem jarðskjálftar þekkjast varla.

„Það er ekki mikið um jarðskjálfta þar. Ég bý á þriðju hæð og finn nánast alla skjálfta sem mælast. Ég er bara mjög hrædd við þetta og þess vegna er ég svona glöð.“

Dijana brunaði á Vikurbrautina þar sem hún stoppaði Hjá Höllu og keypti dásamlega marsípanköku sem starfsmenn bæjarskrifstofunnar gæddu sér á og glöddust innilega yfir því að þurfa ekki lengur að sofa í jarðskjálftum og hristing. ■

NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Hrein hönnun
Hrein tækni
Hrein tilfinning

Nýr og spennandi Renault Megane E-Tech er mættur! 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Uppgefnar tölur um drægni. Taka mið af rýlum WLTP prófunum. Akuratalag, hjútaþig og stöndu vega hafa óþröngi áhrif á drægni rafbíla.
ENNEEM / SIA / NMO11753

Svíar selja Norðmönnum eigið rafmagn á uppsprengdu verði

gar@frettabladid.is

ORKUMÁL Svíar kaupa um þessar mundir ódýra raforku frá Norður-Noregi og selja hana síðan áfram til Suður-Noregs á miklu hærra verði. Þetta kemur fram í frétt norska ríkisútvarpsins.

Vitnað er til greiningaraðila sem bendir á að álíka mikil raforka sé flutt til Suður-Noregs frá Þrændalögum í miðju landinu eins og frá Suður-Noregi til Englands



Raforkuverð í Norður-Noregi er tífalt lægra en í Suður-Noregi.

eða Þýskalands. Einnig sé flutt út mikil raforka frá miðhluta Noregs og Norður-Noregi til Svíþjóðar og Finnlands. Þetta sé sérlega gróðavænlegt fyrir Svía sem geti keypt

ódýra orku fyrir norðan og selt hana dýrt aftur inn til Noregs í suðri.

Raforkuframleiðslan í Norður-Noregi er langt umfram það sem notað er þar á svæðinu. Hins vegar er ekki til staðar næg flutningsgeta í Noregi til að senda orkuna sunnar í landið. Þetta gagnast Svíum sem hafa mun betra flutningskerfi.

Raforkuverð í Norður-Noregi er 1 norsk króna á kílóvatt, 5 krónur í Suður-Svíþjóð og 10 krónur í Norður-Noregi. ■



Norskar vatnsaflsvirkjanir eru víða um landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Nancy Pelosi í Taívan.

Heimsókn Pelosi í Taívan dýrkeypt

gar@frettabladid.is

TAÍVAN Fyrsta heimsókn eins af æðstu embættismönnum Bandaríkjanna til Taívan í aldarfjórðung gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir Taívana. Kínverjar höfðu varað Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjapings, við Taívanför.

Kínverjar efna nú til mikilla heræfinga sem fram fara nær ströndum Taívan en áður. Sérfræðingar segja þetta merkja aukna ógn af hálfu Kínverja gagnvart Taivönum sem líkja þessu við umsátur og herkví af hálfu Kínverja. ■

Kansas viðheldur rétti kvenna til þungunarrofs

ragnarjon@frettabladid.is

BANDARÍKIN Íbúar í Kansas-fylki í Bandaríkjunum höfnuðu stjórnarskrárbreytingu sem hefði felld úr gildi réttindi til þungunarrofs.

Um er að ræða fyrstu almennu kosninguna af þessu tagi í Bandaríkjunum síðan forðæminu sem Roe gegn Wade setti var snúið við af Hæstarétti. Þannig helst réttur kvenna til þungunarrofs stjórnarskrárvarinn í Kansas en ríkjum Bandaríkjanna er nú í sjálfvald sett að viðalda slíkum rétti eður ei. ■

Sérfræðingur í áhættugreiningu telur heppilegast að leggja sæstreng milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Háspennulínurnar á Reykjanesi séu í mun meiri hættu á að verða hrauni að bráð en Reykjanesbrautinn.


kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Þörf er á sæstreng milli Keflavíkur og Straumsvíkur til að tryggja raforkuflutning til Reykjanes, að mati Marinós G. Njálssonar, sérfræðings í áhættugreiningu, sem meðal annars hefur gert greiningu á Keflavíkurflugvelli. Háspennulínurnar séu í mun meiri hættu af eldgosum heldur en Reykjanesbrautinn.

„Ef menn ætla að hafa áhyggjur af Reykjanesbrautinni þurfa menn fyrst að hafa áhyggjur af spennulínunum,“ segir Marinó en varað hefur verið við því að ef Reykjanesbrautinn og Suðurstrandarvegurinn færu undir hraun væru flóttaleiðir og flugsamgöngur á Keflavíkurflugvelli í hættu.

Raforkulínurnar eru hins vegar allar sunnan við Reykjanesbrautina og mun nær gosbeltunum. Á Reykjanesi eru bæði Reykjanesvirkjun og Svartsengi en engu að síður eru um 70 prósent orkunnar aðflutt með Suðurnesjalínu.

Eldgosin núna hafa komið upp á miðju Reykjanesinu en gosbeltin eru nokkur. „Sagan segir okkur að eldvirknin færir til eftir Reykjaneskaganum. Á allri þeirri línu eru loftlínur Landsnets sem flytja rafmagn til Suðurnesja,“ segir Marinó. Erfiðara yrði að verja línurnar en Reykjanesbrautina og rafmagnstruflanir eða skortur myndi hafa



Stundum er ódýrara að fara strax í framkvæmdir en að spara.



Marinó G. Njálsson, sérfræðingur í áhættugreiningu

gríðarlega mikil áhrif á alla starfsemi á Reykjanesi, þar á meðal flugvöllinn.

Til að tryggja raforkuflutning til Reykjaneskaga telur Marinó öruggast að leggja sæstreng milli Keflavíkur og Straumsvíkur í Hafnarfirði. Sú vegalengd er á bilinu 20 til 30 kílómetrar. Ólíklegra sé að sæstrengur á þessu svæði yrði fyrir áhrifum eldsumbrota en loftlínur á núverandi stað.

Marinó segir að með sæstreng til Keflavíkur væri hægt að svara raforkuþörf Suðurnesjamanna um langa hríð og þörfin sé mikil. Auk þess að vera ört vaxandi svæði, hvað mannfjöldi varðar, þá er hugur í bæjarstjórn Reykjanesbæjar að reisa vetnisverksmiðju í Helgúvík

og óumflýjanleg rafvæðing í flugi kalli á mikið rafmagn til flugvallar.

Aðspurður um kostnað segir Marinó að þær tölur liggi ekki fyrir. Framkvæmdir yrði sjálfsagt dýr en ekki ófyrstíganleg. Tveir sæstrengir eru í notkun hér á landi, Vestmannaeyjalína og Dalvíkurlína sem flytur rafmagn til Hríseyjar. Aðrar eyjabyggðir eru knúnar með dísilrafstöðvum. Þá hefur verið í umræðunni að leggja sæstreng frá væntanlegri Hvalárvirkjun á Ströndum til Ísafjarðar.

Marinó segir loftlínur vissulega ódýrari kost, en þó hugsanlega aðeins til skamms tíma ef illa fer. „Stundum er ódýrara að fara strax í framkvæmdir en að spara,“ segir hann. ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHILÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR



Jeep

4xe PLUG-IN HYBRID

JEEP IS

AVAILABLE AT DIOR.COM

¹ CLEAN: STRICT IN THE SELECTION OF INGREDIENTS. FOR MORE INFORMATION, VISIT DIOR.COM
² 24H WEAR-INSTRUMENTAL TEST ON 20 SUBJECTS

50 YEARS OF SKIN EXPERTISE
FOREVER
NEW GENERATION CLEAN
FOUNDATION¹



24H HIGH PERFECTION
FLORAL SKINCARE FOUNDATION
THAT VISIBLY IMPROVES SKIN.²

42 SHADES IN 2 FINISHES:
NO-TRANSFER MATTE.
HYDRATING GLOW.

Dior fest í Smáralind og Akureyri. Dior ilmír fást í Kringlunni.

DIOR

20% afsláttur
af öllum Dior vörum
4. - 10. ágúst

HAGKAUP

Stiklað á sögu gosanna

2021

24. febrúar

Skjálfti af stærðinni 5,7 skók Reykjaneskaga og markaði upphaf jarðskjálftahrinu á svæðinu.

2. mars Heildartala mældra skjálfta frá upphafi hrinunnar náði fjórtán þúsundum.

3. mars

Veðurstofan staðfesti að gosrói hefði mælst á Reykjanesi.

7. mars Skjálftavirknin færðist í aukana og fulltrúar almannavarna-deildar Ríkislögreglustjóra, Veðurstofunnar, Lögreglunnar á Suðurnesjum og Grindavíkur-bæjar hittust á næturfundi til að ræða stöðuna.



19. mars

Eldgos hófst í Geldingadölum við Fagradalsfjall.

25. júní

Hafið var að reisa varnargarð í Nátthaga til að hægja á flæði hraunsins.

7. júlí Glóð sást í gígnum eftir um tveggja sólarhringa hlé.

17. ágúst

Nýr gígur myndaðist tímabundið við hlið hins gamla.

16. september

Eldgosið í Geldingadölum varð langlifasta gos á 21. öld.

18. september

Síðasta hraunið flæddi úr gosinu.

18. desember

Veðurstofan lýsti gosinu lokið þar sem þrjú mánuðir voru liðnir frá síðasta hraunflæði.

2022

30. júlí Jarðskjálftahrina hófst á Reykjanesi á ný og óvissustigi almannavarna var lýst yfir.



3. ágúst

Eldgos hófst í Merardölum.



Kvikuflaði úr nýja gosinu í Meradölum er talið margfalt meira en í gosinu sem stóð í Geldingadölum í sex mánuði í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hugsa sér gott til glóðarinnar en fólk varað við grýttri leið

Eldfjallafræðingar segja enga hættu steðja að mannvirkjum á næstunni að minnsta kosti vegna eldgoss í Meradölum.

ragnarjon@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

ELDGOS Margmenni dreif sig í gær í átt að gosstöðvunum í Meradal til að fylgjast með stórkostlegu sjónarspili sem þar er hafið að nýju.

Tæpir tíu mánuðir eru liðnir frá því að eldgosinu í Geldingadölum lauk eftir um hálf árs gostímabil. Eftir harða jarðskjálftahrinu dagana á undan braust kvika loks upp á yfirborðið að nýju, að þessu sinni í gilskorningi í Meradölum, nokkru norðar en gosstaðurinn í fyrra var.

Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur var í Meradölum þegar Fréttablaðið ræddi við hann undir kvöld í gær.

„Ég er bara hérna við gíginn,“ svaraði Þorvaldur spurður hvort hann væri mættur á svæðið. Sagði hann gilskorninginn þar sem nú gýs hafa verið dýpri áður en gaus í fyrra.

„Þessi gilskorningur mun fyllast tiltölulega fljótt,“ sagði Þorvaldur og tók þannig í sama streng og eldfjallafræðingurinn Ármann Höskuldsson sem Fréttablaðið ræddi einnig við í gær. „Eftir það er spurning hvort hraunið renni í suður í átt að Meradölum og þá hvort það nær að komast upp úr þar og áfram niður úr,“ sagði Þorvaldur.

„Staðsetningin er þannig að gosið þyrfti að standa yfir í langan tíma svo það gæti farið að teygja sig í einhverja innviði sem skipta máli. Sem betur fer,“ bætti Þorvaldur við „Ef hraunið kemst út héðan, þá þarf það að byggja sig upp töluvert til þess að komast yfir hæðina. Þetta hraun er ekki að fara neitt langt en við vitum það betur á morgun [í dag].“

Talsvert af fólki var á gosstöðvunum í gær og töldu björgunarsveitir vera yfir þúsund manns þar seinni partinn. „Það er töluvert af fólki hérna og eykst bara jafnt og þétt,“ sagði Þorvaldur sem kvað hópinn vera dreifðan um svæðið.

Á fundi hjá Almannavörnum í



Göngufólk lagði strax leið sína að nýja gosinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Þetta hraun er ekki að fara neitt langt en við vitum það betur á morgun.

Þorvaldur Þórðarson,
eldfjallafræðingur

gær var bent á að gönguleiðin að gosstöðvunum væri talsvert lengri en að svæðinu í fyrra og að auki grýtt. Fólk þyrfti að vera vant og vel búit í slíka göngu. Auk þess þyrfti að vera á varðbergi vegna gass frá eldstöðinni.

Ítrekaði Þorvaldur að betur muni sjást í dag hver þróunin verði. „Eins og ég segi; ef það kemst upp á hraunbeðurnar frá 2021 sem eru



Gossprungan var tvö- til þrjú hundruð metrar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

í Meradölum þá fer það í þá áttina. Þá tekur það dágóðan tíma að fylla Meradalina. En varðandi að þetta byggji sig upp og stefni í norður, það er líka töluvert í það,“ sagði Þorvaldur sem kvað enga stórhættu á ferðum.

„Það er dalverpi þarna í norðurátt sem það þarf að fylla fyrst. En gosið yrði að standa í dágóðan tíma og tekur eflaust vikur, ef ekki mánuði,

áður en við förum að sjá einhverja mögulega hættu gagnvart innviðum. En það er líka miðað við að gosið haldi áfram eins og það er og það verði engar breytingar,“ undirstrikaði eldfjallafræðingurinn.

Í gær gaus á sprungu sem var um þrjú hundruð metrar. „Vætanlega dregur hún sig eitthvað saman eins og síðast og myndar kannski tvo giga,“ sagði Ármann Höskuldsson. ■

Kreativ Dental Ísland



25 ára reynsla

Rúmlega 4000 Íslendingar hafa notið þjónustu okkar frá árinu 2016

Nýtt bros
-
Nýtt líf

Nokkrar af fjölmörgum umsögnum af samfélagsmiðlum tannlæknastofunnar Kreativ Dental í Búdapest

„Ástandsskoðun. Fyrsta árs skoðun. Ég er búin að fara í tannmyndatöku hjá Tannlæknadeildinni í Háskóla Íslands. 3 nemar fóru yfir ástandið þar á meðal erlendur tannlæknir sem er á endurmatsnámskeiði hér og leist mjög vel á verkið og tók fram hvað tennurnar væru fallegar. Síðan fór lektor yfir ástandið á tönnunum og skoðunina hjá nemunum. Mér hefur alltaf fundist einn plantinn laus og hef farið til tannlæknis til að láta athuga það en hann er alveg fastur, bara bil á milli tannana. [Min hræðsla] Ég verð að segja ykkur að lektorinn var mjög ánægður með ástandið á tönnunum, gerðina og efnið sem ég hafði valið, handverkið væri til fyrirmyndar og liturinn passaði vel. Talaði um að flögurnar sem halda gömnum uppi væru í góðu ástandi og ég þyrfti að passa upp á þær því þær væru svo fínlegar. Hann spurði hvar ég hefði fengið þetta fína verk og vildi gjarnan fá að fylgjast með hvað þær entust lengi. Ég fór náttúrulega í sælu út frá þeim. Langaði til að láta ykkur vita af þessari frábæru umsögn. Mig langar til að fresta ferð til þangað til á næsta ári svo ég sendi myndirnar til Gríms og tannlæknirinn minn úti fór yfir þær og þau segja að þetta gildi fullkomlega sem ábyrgðarskoðun þetta árið.“

„Hvað skal segja þegar varla eru til lýsingarorð til að lýsa þjónustu framkomu og öllu sem varðar þessa stofu Er hæst ánægð með allt fyrir utan það að vera yfir mig ástfangin af Búapest.“

„Fór í febrúar og fékk krónur og brýr. Ég er mjög ánægður með Grím umboðsmann okkar og einnig frábærir Hjalti og Atli sem veittu mér mikinn stuðning í ferli mínu. Frábærir fagmenn hjá Kreativ Dental og þjónustan til mikillar fyrirmyndar. Eina sem ég þyrfti að gera sjálfur var að þanta flugmiða og mæta í flug. Annað sá Grímur um að skipuleggja fyrir mig, fyrsta tíma-bókun hjá tannlækni, allar ferðir og pöntun á hóteli. Verð mjög hagstæð fyrir kunnann. Ábyrgðir fylgja og verð stóðust frá tilbodsgerð til loka vinnu. Ég fékk flotta vinnu við mínar tennur og gæti ekki verið ánægðari með tannlækni. Mæli með Kreativ Dental.“

„Ein af mínum uppáhaldsstundum lífsins, að standa upp úr stólum hjá þeim og brosa framan í heiminn.“

„Fagmennskan í fyrirrúmi. Undirritaður þurfti í síðasta mánuði að nýta sér þjónustu Kreativ Dental Klinik í Búdapest. Eftir að hafa notið sérfræðinganna hjá Kreativ Dental er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem að mínum málum komu. Það er ekki að ástæðulausu að Kreativ Dental hefur marg oft hlotið viðurkenningu sem besta tannlæknastofa á evrópska efnahagssvæðinu og víðar. Fagmennska og hlýlegt viðmót allra þeirra sem starfa þarna er gefin hæsta einkunn. Ég get ekki lokið þessum skrifum án þess að þakka þeim Grími Axelssyni og Attila Korsos [Atla] fyrir þeirra aðstoð sem þeir veittu mér er ég varð fyrir því óhappi að þurfa að leggjast inn á spítala í Búdapest. Aðstoð þeirra beggja verður seint endurgoldin en sýnir hvað það er mikilvægt að hafa góða menn og öflugra tannlæknastofu til staðar ef eitthvað kemur fyrir í þessum tannlæknaferðum til Búdapest.“

„Ég og maðurinn minn höfum lokið meðferð hjá Kreativ Dental að mestu og erum mjög sátt. Fengum plan og verðtilboð sem stóðst að mestu fyrir utan smá sem hægt var að sleppa og annað sem bættist við eins og búast mátti við. Við upplifðum mikla fagmennsku og erum ánægð með tannlækninn, hina sérfræðingana sem komu að okkar meðferð, þjónustufólkið og íslensku tengiliðina. Skiljum núna af hverju þessi stofa hefur fengið viðurkenningar á heimsvísu á sínu sviði ítrekað.“



„Öll framgangna ykkar og viðmót er til mikillar þrýði og mun ég ekki líta á aðrar leiðir til að laga mínar tennur. Enn og aftur kærar þakkar, bið að heilsa öllum.“

„Mjög miklir fagmenn. Mæli sannarlega með Kreativ Dental! Grímur sá um að bóka herbergi á samstarfshóteli Kreativ Dental, mjög gott hótél með útsýni yfir Dóná. Var sótt og ekið á flugvöllinn að kosnaðarlausu sem er náttúrulega frábær þjónusta. Einnig eru fríar ferðir á milli hótels og tannlæknastofu. Frábærir tannlæknar sem starfa í notalegu umhverfi. Ég hef alltaf verið stressuð/kvíðin að fara til tannlæknis en það hvarf bara alveg þegar ég kom þarna inn. Biðstofan var búin hægindastólum og fiskabúri. Engin borhljóð eða truflun þar. Viðmót starfsmanna var hlýlegt og notaleg nærvera allra á stofunni fékk manni til að líða vel. Grímur og Attila voru boðnir og búnir að aðstoða við allt sem maður óskaði sér. Takk fyrir mig.“

„Við hjónin fórum í apríl í fyrsta skipti og svo aftur í ágúst til að klára. Frábærir tannlæknar og starfsfólk. Allt stóðst fullkomlega. Grímur og Atli voru alltaf til staðar til að aðstoða okkur. Mæli 100% með Kreativ Dental.“

Takk kærlega fyrir okkur.“

„Takk fyrir mig. Móttökur og allt utnumhald við fólk þarna er frábært. Og hafa fólk sem talar okkar mál er bara æðislegt þannig að það verður allt miklu auðveldara að koma þarna.“



„Hvar á ég að byrja...“

Fagleg og persónuleg þjónusta alla leið og það að hafa íslenskan umboðsmann auðveldar öll samskipti. Tannlæknateymi sem hefur mikla reynslu af umfangsmiklum og flóknum tannviðgerðum. Fullkomið tannsmíðaverkstæði á staðnum búið nýjustu tækni frá Þýskalandi og Japan. Viðtækasta ábyrgð sem í boði er frá Austur-Evrópskum tannlæknastofum og toppar líka þær íslensku. Allt þetta á verði sem er 50-70% lægra en á Íslandi. Aukabónusinn er að fá í leiðinni að kynnst Búdapest einni fegurstu borg Evrópu.“

„Ég verð nú að segja að ég hefði ekki að óreynndu trú að því að það væri hægt að skipuleggja tannlækningaferðir með svona nákvæmni og góðu kostnaðarplani. Öll þjónusta er í efsta gæðaflokki og gott að geta fengið aðstoð hjá Grími Axelssyni til að fá skýringar og leiðbeiningar á íslensku um öll mál sem kunna að koma upp á í sambandi við þjónustuna hvort sem er út af tannlækningunum, breytingum á hóteli eða flugi ef vill. Það ánægjulega við þetta allt er að þú getur fengið nákvæma ástands-lýsingu og aðgerðaráætlun eftir fyrstu skoðun fyrir utan það að það er hægt að sjá hver kostnaðurinn er í byrjun, því það er fastur verðlisti sem farið er eftir sem liggur fyrir þegar aðgerð er ákveðin. Endilega athugaðu verðlistann sem er á heimasíðu Kreativ Dental og berðu hann saman við verðlistana á Íslandi. Flott fólk og góð þjónusta þarna. Takk fyrir mig.“

„Vel að öllu staðið. Allir Íslendingar sem ég hittí í þessum erindagerðum voru jafn ánægðir og ég.“



„Takk fyrir góða þjónustu. Flott þjónusta og miklir fagmenn.“

„Frábært. Elska að fara þarna alltaf verð hrædd við tannlækna e ekki þarna.“

„Komin á staðinn upplifði ég algjört öryggi. Þar var tekið vel á móti manni frá fyrstu stundu. Frábært hótél með útsýni yfir Dóná fljótið. Var skutlað til og frá og allir í öryggisbúnaði hjá tannlæknunum. Ég hef aldrei hitt jafn færa tannlækna eins og á Kreativ Dental. Það tekur enga stund, þú finnur varla til og samt er þetta allt mjög vel og vandlega gert. Ég er rosalega ánægð með allt sem fyrir mig var gert og mæli með Kreativ Dental hundrað prósent!“

„Það er hugsað fyrir öllu maður sóttur á flugvöllinn, keyrður á hótelið og skutlað á tannlæknastofuna. Hlýlegar og notalegar tannlæknastofur, fagfólk hvert sem lítið er sem vill allt fyrir mann gera, fékk frábæra þjónustu og toppurinn að hafa íslenska eðalpilta til aðstoðar. Kærar þakkar fyrir mig.“

„Við hjónin höfum nú lokið tanmeðferð hjá Kreativ Dental og erum hæst ánægð. Viðmót starfsfólks og þjónusta við okkur var til fyrirmyndar. Ekki þótti okkur heldur slæmt að greiða sanngjarnt verð fyrir meðferðina og fá þar að auki 5 ára ábyrgðarskrifteini þar sem Kreativ Dental ábyrgist krónur og brúargerð „sjúklinga“ sinna. Takk fyrir okkur!“

„Það er endalaust hægt að hlaða lofi á Kreativ Dental en orð eru máttvana í samanburði við upplifunina við það að koma til þeirra í aðgerð. Fyrir mér var þetta eins og ég væri kominn langt inn í framtíðina, öll nýjustu tækni til staðar á staðnum, umhverfið þegar inn var komið hjá þeim var bæði rólegt og aðlaðandi, sérfræðingar á öllum sviðum tannlækninga á staðnum og viðmót allra starfsmanna óaðfinnanlegt! Það sem síðan vekur furðu manns, eftir að hafa fengið þarna faglega þjónustu sem ég held að ómögulegt sé að toppa, er verðið!!! Núna, fimm mánuðum eftir að hafa komið til þeirra í byrjun maí, brosi ég mínu fallegasta brosi til margra ára en finnst jafnvel að ég hafi ekki borgað fyrir að fullu. Svo hagstætt er verðlagið hjá þeim fyrir okkur Íslendinga. Flugðið með WizzAir er einnig mjög ódyrt, sem og hótelið í Búdapest.“

Heimasíða: kreativdental.is | Facebook: [kreativdentalisland](https://www.facebook.com/kreativdentalisland)

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir: grimur@kreativdentalclinic.eu | Sími: [+354] 859 9403 (frá 9-13)



Orri Hauksson, forstjóri Símans.

Segir að draga þurfi úr opinberu eignarhaldi

magdalena@frettabladid.is

Opinber rekstur er of mikill á íslenskum fjarskiptamarkaði að mati Orra Haukssonar, forstjóra Símans. Orri var gestur í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í gær.

„Ég hef lengi talað fyrir því að draga þurfi úr opinberu eignarhaldi á íslenska fjarskiptamarkaðnum og að virkja mætti kraft í gegnum einkafjármagnið í þeim geira,“ segir Orri og bætir við að Gagna-veita Reykjavíkur, sem nú heiti Ljósleiðarinn, hafi lýst því yfir að félagið sé að skoða að fara í hlutafjárúrkningu.



Ég hef lengi talað fyrir því að draga þurfi úr opinberu eignarhaldi á íslenska fjarskiptamarkaðnum.

„Ég vona að sú hlutafjárúrkning verði ekki frá opinberum aðilum eins og hingað til.“ Orri segir að ESA hafi bent á að þeir brjóti ríkisstyrktar reglur EES-samningsins og að það sé ámælisvert.

Í þættinum var einnig rætt um sölu Símans á Milu til franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að hleypa ekki viðskiptunum í gegn án skilyrða. Þá var auk þess rætt um innleiðingu 5G og hvað sé framundan hjá Símanum. ■

Segir að fjölbreytileikinn sé einn helsti styrkleiki ferðapjónustunnar

Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri var gestur í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gær. Hann segir að endurreisn ferðapjónustunnar sé hafin og að við ættum að forðast að einblína eingöngu á þá ferðamenn sem eyða meiru og dvelja lengur.

magdalena@frettabladid.is

Fjölbreytileikinn er einn helsti styrkleiki ferðapjónustunnar á Íslandi og ekki er æskilegt að einblína eingöngu á þá ferðamenn sem dvelja lengur og eyða meiru.

Þetta sagði Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í gær.

„Dreifing á þjóðernum og dreifing á tegund ferðamanna er góð og við eigum að einblína á það. Þegar það verður samdráttur eða eitthvað sem hefur áhrif á eftirspurn í ferðapjónustu á okkar markaðssvæðum þá er gott að hafa fleiri markaði til að ganga að,“ segir Skarphéðinn og bætir við að mikilvægt sé að huga að langtíma stefnumörkun fyrir ferðapjónustuna.

„Betur borgandi ferðamenn eru ágætir en þeir kosta líka meira og það hefur áhrif á kostnað fyrirtækjanna að sinna þeim. Það þarf sérhæfð fyrirtæki til að sinna þeim og þetta eru ferðamenn sem eru með aðrar neysluvenjur og annað ferðamynstur en aðrir ferðamenn. Þeir eru líka oftast að breyta ferðaplönunum þannig ég held að það sé ekki nein allsherjar lausn á okkar málum að einblína á þá.“

Skarphéðinn segir að ljóst sé að endurreisn ferðapjónustunnar sé hafin. Sumarið hafi gengið vel í greininni og vísbendingar séu um að tölurnar séu á pari við 2019. Ferðapjónustan hafi með mikilli tekjustýringu náð að hækka verð þegar eftirspurnin tók við sér.

„Það er spurning hvernig kostnaðarleiðurinn er að leika ferðapjónustuna. Við erum að gera ráð fyrir



Skarphéðinn segir að ferðapjónustan sé komin á fullt skrið eftir tvö ár af heimsfaraldri.

SKJÁSKOT/HRINGBRAUT



Betur borgandi ferðamenn eru ágætir en þeir kosta líka meira og það hefur áhrif á kostnað fyrirtækjanna að sinna þeim.

því að fjöldi ferðamanna á þessu ári verði allavega ein og hálf milljón, sem er í samræmi við bjartsýnustu spár í upphafi árs.“

Skarphéðinn bætir við að ferðapjónustan sé í raun komin á fullt skrið eftir tvö ár af heimsfaraldri. „Það er alltaf mikið högg fyrir atvinnugrein þegar allir kunnarnir hverfa og allar tekjur þurrkast upp. Stjórnvöld komu að með öflugum hætti og fyrirtækin sýndu mjög mikinn sveigjanleika. Þau gátu dregið úr kostnaði, sagt upp starfsfólki, lokað og svo framvegis,“ segir Skarphéðinn og nefnir að með því móti búi fyrirtækin að þessum aðgerðum núna og því að hafa brugðist við með þessum hætti.

Skarphéðinn segir að það sé hægt að vera bjartsýnn þegar kemur að ferðapjónustunni og segist sannfærður um að hún eigi sín bestu ár eftir.

„Ég held það sé ágætt að vera bjartsýnn í þessum efnunum. Við erum að koma út úr mjög góðu sumri. Eftirspurnin er talsvert meiri en reiknað var með og vonandi að menn hafi náð að halda aftur af kostnaði. Það eru áskoranir í haust og vetur sem snúa að verðlagshækkunum og verðbólgu í okkar markaðslöndum. Það er stríð í Úkraínu svo það er spurning hvort það verði strúkturbreyting á ferðavenjum fólks.“

Skarphéðinn segir jafnframt að þegar heimsfaraldurinn reið yfir þá hafi ýmislegt setið á hakanum. „Umhverfismálin eru stóru málin sem sátu á hakanum í Covid. Það mál hefur ekkert farið frá okkur.“

Í þættinum var auk þess rætt um nýsköpun í ferðapjónustu, hlutverk Ferðamálastofu, hvað stjórnvöld geta gert til að bæta rekstrarumhverfi ferðapjónustufyrirtækja og fleira. ■

Vinnur að því að koma fjártæknilausnum á erlendan markað

■ Svipmynd

Guðmundur Jón Halldórsson

Nám: Ég er útskrifaður BSc í tölvunarfræði frá HR.

Störf: Ég er fæddur og uppalinn í sveit og byrjaði að vinna kornungur við sveitastörf. Fyrir ferminu fór ég að vinna með föður mínum við uppskipun á fiski á bryggjunni á Sauðárkróki enda stutt að fara úr sveitinni sem er norðan við Sauðárkrók. Á unga aldri vann ég þá vinnu sem bauðst, þar til ég flutti suður í skóla. Síðan 1996 hef ég unnið við hugbúnaðargerð, bæði hérlendis sem og erlendis. Tuttugu árum síðar, 2016, stofnuðum ég og konan mín fyrirtækið Crossing the line ehf. og höfum stýrt því fram á þennan dag.

Fjölskylduhagir:

Ég er kvæntur Laufeyju Dóru Wilhelmsdóttur. Ég á son og tvær dætur úr fyrri samböndum og Laufey á eina dóttur.


Guðmundur Jón Halldórsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Crossing the line, hefur gaman af hjólræðum og útiveru. Hann segir það hafa verið einstaklega krefjandi verkefni að byggja upp nýsköpunarfyrirtæki.

Hver eru þín helstu áhugamál? Hjólræiðar og útivera, sveppa- og hamprækt, vísindi og heimspæki.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það eru margar bækur sem hafa haft mikil áhrif á mig og má þar nefna „East of Eden“ eftir John Steinbeck, „Leitin að tilgangi lífsins“ eftir Viktor Frankl og „Sapiens“ eftir Yuval Noah Harari.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Að byggja upp „startup“ fyrirtæki síðustu ár hefur verið einstaklega krefjandi verkefni. Við erum staðsett bæði hérlendis og erlendis. Verkefni hafa verið fjölbreytt, allt frá sveppa- og hamprækt á tilraunabúi í Eyjafirði yfir í fjártæknilausnir. Afrakstur af þessari miklu vinnu eru lausnirnar Open banking og Open finance. Markmið fjártæknilausnanna er að gefa fyrirtækjum aðgang að sýndarfj-


Guðmundur segir að borgin Belgrad sé í miklu uppáhaldi hjá honum.

MYND/ÁSEND



Að byggja upp „startup“ fyrirtæki síðustu ár hefur verið einstaklega krefjandi verkefni.

málastjóra og sýndarþólkara sem í sameiningu einfalda reksturinn, lækka kostnað ásamt því að segja þér ef það eru vandamál í rekstri og hvernig á að leysa þau.

Hvaða áskoranir eru fram undan? Stóra áskorunin fram undan er að koma okkar fjártæknilausnum á erlendan markað, sem verður bæði erfitt og skemmtilegt.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Að ferðast og njóta lífsins. **Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?**

Eðlisfræði hefur ávallt heillað mig, upphaflega ætlaði ég þá leið í gegnum lífið. Stjarnedeilisfræði yrði fyrir valinu.

Hver er uppáhaldsborgin þín? Belgrad hefur upp á að bjóða mikla og skrautlega sögu og hefur verið í uppáhaldi hjá mér síðan ég kom þangað fyrst. ■

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 4.–7. ágúst

Lamba-læris-sneiðar grill piparmix

2.379 kr/kg
3.399 kr/kg

30%

Léttreyktar grísakótiletur, hunangslegnar

1.859 kr/kg
3.099 kr/kg

40%

Chili kartöflusalat MM, 450 g

394 kr/stk
579 kr/stk

32%

Mangó

419 kr/kg
599 kr/kg

30%

Perur

284 kr/kg
379 kr/kg

25%

Stóri tarfur Ribeye-borgarar

639 kr/pk
799 kr/pk

20%

Pólskar pylsur 360 g

659 kr/pk
952 kr/pk

31%

Skelflettur humar 800 g

3.849 kr/pk
5.499 kr/pk

30%

Oumph! bollur 550 g

1.099 kr/pk
1.379 kr/pk

20%



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Áhrif eldanna



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Eldgosahrinan sem hafin er á Reykjaneskaga er bæði lítil áminning og stór. Hún er lítil að því leyti að jarðeldarnir hafa til þessa logað á einstaklega heppilegu svæði, svo mjög raunar að hægt er að kalla þá þægilegt ferðamannagöngufæri frá Þjóðleiddinni um suðurströnd.

En hún er stór í öðru tilliti, einkum og sér í lagi hvað varðar innviði landsins, flugvelli, þjóðvegi og raflínur, enda bendir endurtekin eldvirkni til þess að nýtt og langvarandi góttímabil sé hafið á suðvesturhorni landsins þar sem mestur hluti landsmanna býr og meginhluta opinberrar þjónustu er að finna.

Enda þótt engin ástæða sé til að fara á taugum á meðan jarðeldarnir eru staðbundnir og geta vart eða ekki valdið skaða á mannvirkjum, hvað þá að fólki standi hætta af þeim, er full ástæða til að endurmeta framtíðarskipulagið á fjölmennasta byggðasvæði Íslands.

Ef til vill er of mikið sagt að þar hafi orðið forsendubrestur, en breytingin er augljós og áhrifin af henni munu að öllum líkindum vara lengi.

Flugið er hvað viðkvæmast fyrir þessum breytingum, enda eru tveir helstu flugvellar landsins á áhrifasvæði þessara eldsumbrota, en þau geta, samkvæmt rannsóknum vísindamanna, teygt sig allt frá hafsvæðinu vestan Reykjanestáar og austur fyrir Bláfjöll, á milli fimm virkra belta, sem nú eru vögnuð af átta hundruð ára dvala.


Af sjálfu leiðir að hugmyndir yfirvalda um uppbyggingu innanlandsflugs í Hvassahrauni eru í besta falli í uppnámi. Fyrir vikið er Reykjavíkflugvöllur líklega að festa sig áfram í sessi, enda virðist ekki hægt að setja niður nýjan völlu fyrir norðan borgina af veðurfarslegum ástæðum.

En sömuleiðis verður að horfa til þess hvort miðstöð millilandaflugs á Miðnesheiði eigi bjarta framtíð fyrir sér á svæði sem verður líklega virkasta eldfjallasvæði landsins á næstu árum og áratugum.

Það yrði reiðarslag fyrir íslenskan efnahag ef alþjóðaflugið um Keflavíkflugvöll myndi stöðvast um tíma, hvað þá til langframa. Meira og minna öll uppbygging ferðaþjónustunnar á síðustu árum hefur beinst að suðvesturhorninu – og þar af leiðandi geta varaflugvellirnir á Akureyri og á Egilsstöðum ekki tekið við þeirri umferð nema að litlum hluta.

Allt að öllu eru Íslendingar nú áminntir um afleiðingar þess að byggja upp alla meginþjónustu landsins á einu horni landsins sem safna þar saman svo til allri þjóðinni. ■

Halldór



Flugið er hvað viðkvæmast fyrir þessum breytingum, enda eru tveir helstu flugvellar landsins á áhrifasvæði þessara eldsumbrota.

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Flug og gos

Auðvitað er Ísland stórasta land í heimi þegar kemur að kenjum náttúrunnar. Aftur og endurtekið getur þetta land elds og ísa boðið upp á flug og gos. Og ekkert annað land í heiminum er í færum til þess að beina alþjóðafluginu til landsins með jafn skýrum hætti og að fljúga fram hjá eldglæringum í sjálfri lendingunni. Heita má að brautarljósín komi upp úr jörðinni. Þar af leiðandi eru jarðeldarnir í göngufæri frá flugstöðinni, aftur og nýbúið, en vörumerki af þessu tagi í ferðaþjónustunni getur bara ekki klikkað.

Fögnuður

Grindvíkingar héldu upp á gærdaginn með kökutertum og öðru kruderíi, enda ángskotans skjálftahrinan að baki sem haldið hefur fyrir þeim vöku svo sólarhringunum skiptir. Ber nú nýrra við í þeirra lífi með hægljótandi gosi sem lullar sína leið í Meradölum. En þeir vita líka hvaða afleiðingar það hefur fyrir bæjarlífið. Vart verður sofið fyrir drynjandi þyrluhljóðum yfir bænum næstu vikurnar, jafnvel mánuði, ef ekki ár, en þess utan verður bærinn svo yfirfullur af ferðamönnum, íslenskum og erlendum, að heimamönnum verður fyrirmunnað að ferðast um eigin bæ. Voru skjálftarnir þá skárrí? ■

Eldhjarta Íslands



Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra

Sigríður Hagalín Björnsdóttir hefur í skáldsögum sínum skotið lífinu sjálfu ref fyrir rass að því leyti að svo virðist sem lífið hafi líkt eftir listinni, fyrst með veirunni í Eylandi og síðan með eldsumbrotum á Reykjanesi í Eldunum. Í upphafi bókarinnar Eldarnir – ástin og aðrar hamfarir, vitnar hún í bók Freysteins Sigmundssonar, Magnúsar Tuma Guðmundssonar og Sigurðar Steinþórssonar þar sem talað er um að bræðslusvæðið í möttlinum þar sem bergkvikan myndast sé eins konar eldhjarta Íslands. Við höfum á síðustu misserum fundið vel fyrir kraftinum sem býr í þessu eldhjarta landsins, krafti sem er bæði skapandi og eyðileggjandi. Og nú er eldgos hafið að nýju á svipuðum slóðum og í fyrra.

Um leið og við eigum tilvist landsins okkar eldsumbrotum að þakka þurfum við að búa okkur undir það versta en vona um leið það besta. Ríkisstjórnin hefur frá því óróinn á Reykjanesi hófst verið með puttann á púlsinum. Við erum við öllu búin með okkar færustu vísindamenn, sem eru í hópi færustu vísindamanna heimsins á þessu sviði, til ráðgjafar í samvinnu við Almannavarnir og heimamenn.

Fólk hefur skiljanlega áhyggjur við þær aðstæður sem eru uppi. Við vorum heppin að eldgosíð í Geldingadölum var máttlítið. Við vorum þegar það gos hófst reiðubúin að ryðja upp varnargörðum til að vernda Suðurstrandarveg en ekki kom til þess. Og við erum viðbúin að verja eins og kostur er vegi til og frá byggðinni á Reykjanesi eftir því sem gosinu vindur fram. Síðustu ár hefur einnig verið unnið að því að byggja upp varaflugvelli á Egilsstöðum og Akureyri auk þess sem tilvist Reykjavíkflugvallar hefur verið varin.

Hugur minn og annarra landsmanna er hjá þeim sem búa næst eldsumbrotunum. Það er erfitt að búa við slíkt og mikið álag á börn og fulloröna. Við þau vil ég segja að svæðið er vaktað eins og hægt er og brugðist verður við því sem verður af öllum þeim krafti sem samfélagið býr yfir. ■

Hugur minn og annarra landsmanna er hjá þeim sem búa næst eldsumbrotunum.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Skannaðu kóðann

Of stór biðflokkur

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Fyrir viku greindi Viðskipta-Mogginn frá þeim stórtíðindum að verðtrygging hefði hækkað skuldir ríkissjóðs það sem af er þessu ári um 100 milljarða króna.

Það minnir okkur á að ríkisstjórnin var ekki mynduð til að treysta efnahagslegan stöðugleika heldur pólitískan.

Áhugavert er að bera hana saman við Viðreisnarstjórnina á sjöunda áratugnum, sem þykir í sögulegu samhengi hafa tekið öðrum fram um pólitískan stöðugleika.

Kerfisbreytingar

Viðreisnarstjórnin var að vísu ekki mynduð um pólitískan stöðugleika heldur kerfisbreytingar. Innflutningshöft voru afnumin, uppbótakerfið lagt af, þátttaka í fjölþjóðlegu gjaldmiðlasamstarfi innan Bretton Woods var virkjuð og aðild að EFTA ákveðin og algjör bylting gerð í orkuöflun og iðnaði.

Pólitíski stöðugleikinn varð smám saman ávöxtur af samstöðu stjórnarflokkanna um þessi árangursríku umskipti.

Jaðarflokkarnir í núverandi stjórn tryggja pólitískan stöðugleika hins vegar með samstöðu um að setja stærstu mál samfélagsins í biðflokk til úrlausnar fyrir næstu ríkisstjórn.

Skuldavandi í biðflokk

Það voru Samtök atvinnulífsins sem fyrst komust þannig að orði í gagnrýni á ríkisstjórnina að hún væri að skjóta skuldavandanum fram á næsta kjörtímabil fyrir nýja ríkisstjórn til að leysa.

Í tvígang hefur þetta verið þungamiðjan í gagnrýni atvinnulífsins á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna þess afstöðuleysis, sem þar birtist til lausnar á skuldavanda ríkissjóðs. Viðskiptaráð hefur svo sagt að með þessu sé ríkisstjórnin að kynda undir verðbólgu.

Málamyndabreytingar, sem gerðar voru rétt fyrir þinglok, breyta ekki þessari stóru mynd. Pólitískur stöðugleiki er tryggður með því að setja úrlausn skuldavandans í biðflokk fyrir næstu ríkisstjórn.

Loftslagsmarkmið í biðflokk

Ríkisstjórnin hefur sett sér metnaðarfullri markmið í loftslagsmálum en flest önnur ríki. Í heil fimm ár hefur forsætisráðherra

talað um Ísland sem forysturíki á þessu sviði í heiminum öllum.

Á loftslagsdeginum í vor sagði umhverfisráðherra hins vegar að Ísland stæði að baki öðrum þjóðum. Ungir umhverfissinnar gáfu stjórninni síðan falleinkunn í loftslagsmálum.

Í grænni skýrslu trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar segir að hún hafi ekki fylgt eftir markmiðum um orkuskipti með ákvörðunum um orkuöflun. Loftslagsráð segir að enn standi upp á ríkisstjórnina að skýra hvernig hún ætlar að ná losunarmarkmiðunum.

Umhverfisráðherra segir gagnrýnina rétta en höfðar til almennings og atvinnulífsins um að taka forystu. Við ríkisstjórnarborðið er þetta risavaxna verkefni eftir fimm ára samstarf á leið í biðflokk fyrir næstu stjórn.

Réttlæti í biðflokk

Matvælaráðherra segist brenna fyrir réttlæti í sjávarútvegi og forsætisráðherra hefur þungar áhyggjur.

Litill ágreiningur er um grundvöll fiskveiðistjórnunarkerfisins. Réttlætið snýst um hitt að tímabinda veiðiréttinn, ákveða gjald í samræmi við verðmæti þess einkaréttar og takmarka samþjöppun.

Í fimm ár hafa forsætisráðherra og matvælaráðherra hins vegar í þágu pólitísks stöðugleika



Jaðarflokkarnir í núverandi stjórn tryggja pólitískan stöðugleika hins vegar með samstöðu um að setja stærstu mál samfélagsins í biðflokk til úrlausnar fyrir næstu ríkisstjórn.

hallað sér að þeim sem ekki hafa áhyggjur og drepið allar umbóta-tillögur.

Það þarf pólitíska ákvörðun til að höggva á hnúttinn. Öll sjónarmið eru þekkt. Samt þótti rétt að koma málinu fyrir í 46 manna nefndakerfi embættismanna, stjórnmalamanna, sérfræðinga og hagsmunagæslufluttra.

Þetta brennandi réttlætismál matvælaráðherra og áhyggjuefni forsætisráðherra er þannig komið í biðflokk fyrir næstu ríkisstjórn.

Breytt heimsmýnd í biðflokk

Grundvöllurinn að efnahagslegu sjálfstæði, pólitísku öryggi og fullveldi landsins byggist á lifandi og virkri þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi á innri markaði ESB og í NATO.

Flestar þjóðir Evrópu hafa brugðist við breyttri heimsmýnd með því að skjóta sterkari stöðum undir fjölþjóðlega samvinnu í efnahagsmálum og varnarmálum.

Utanríkisráðherra hefur tryggt að við framkvæmum þær ákvarðanir, sem NATO tekur og að okkur snúa. En við getum ekki tekið frumkvæði. Það myndi raska pólitískum stöðugleika.

Eins er með fjölþjóðlegt efnahagssamstarf. Ísland hefur fallið niður í botnsæti í samkeppnishæfni í alþjóðaviðskiptum og erlendri fjárfestingu. Framfaraskref til að styrkja stöðu Íslands myndu raska pólitískum stöðugleika.

Viðbrögð við breyttri heimsmýnd eru því í biðflokki fyrir næstu stjórn.

Skaðsemi

Pólitískur óróleiki með örum stjórnarskiptum er óæskilegur og jafnvel skaðlegur.

Langtíma pólitískur stöðugleiki, sem byggist á því að of mörg stór mál fara í biðflokk fyrir næstu stjórn, getur þó reynst enn skaðlegri. ■

Í geitarhús að leita ullar?



Þóroldur Matthíasson
hagfræðiprófessor
við Háskóla Íslands

Ég hef í tveimur greinum fjallað um niðurstöður ársreiknings útgerðarfélagsins Vísis hf. árin 2013 og 2020. Tilfnið er samningur um kaup Sildarvinnslunnar á félaginu. Ég taldi að eignir félagsins eins og þær birtast í ársreikningi væru verulega vanmetnar bæði árin.

Reikningarnir eru áritaðir af endurskoðendum félagsins. Stjórnendur félagsins skýra skilmerkilega frá kvótastöðu félagsins í þorskígildiskílóm. Hvorki þeir né endurskoðendur félagsins gera hins vegar tilraun til að meta verðmæti kvótans, þótt slík umfjöllun um raunveruleg verðmæti ófærðra eigna sé óumdeilanlega afar mikilvægur upplýsingar fyrir lesendur og því hluti af þeirra glöggu mynd sem ársreikningurinn skal birta.

Efnahagsreikningurinn gefur því ófullkomna mynd af fjárhagsstöðu félagsins þrátt fyrir skýrar leiðbeiningar í 5. grein ársreikningslaga og hvað varðar ársreikning félagsins 2021 með hlidsjón af ákvæðum laga nr. 102/2020 um gagnsæi stærri kerfislega mikilvægra fyrirtækja sem varða almannahag. Þeim lögum, sem sett voru eftir ábendingar Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins, er m.a. og sérstaklega beint að sjávarútvegsfyrirtækjum. Sú staðreynd að eignastada félagsins Vísis hf. er mun betri en endurskoðaður efnahagsreikningur gefur til kynna kann að hafa átt sinn þátt í að félagið fékk lækun á veiðigjaldi árið 2013. Þá verður vanmat eigna í ársreikningi til þess að þegar sala félagsins á sér stað virðist sem eigendur selji hverja krónu eigin fjár fyrirtækis á þrjár krónur þegar raunhæfari útreikningar benda til þess að eigendur hafi selt hverja krónu á 50 aura eða minna. Bæði þessi atriði kalla á umræðu og vangaveltur og eiga erindi við almenning, því rétt eins og endurskoðandi Vísis hf. bendir á í grein í Fréttablaðinu 28.7. sl. eru sterkir almannahagsmunir tengdir við stóru sjávarútvegsfyrirtækin sbr. einnig ákvæði laga nr. 102/2020.



Sú ófullkomna mynd sem árs- og efnahagsreikningur dregur upp í tilfelli Vísis hf. getur ekki verið í samræmi við ákvæði þeirra laga. Röng upplýsingagjöf um markaðsvirði fyrirtækisins er til þess fallin að leiða almenna umræðu á villigötur, hvort sem það er tilgangurinn eða ekki. Í stað þess að spyrja hvort eigendur Vísis hf. séu að „gefa“ Sildarvinnslunni eignir er býsnast yfir að eigendur Vísis séu að selja á þreföldu verði.

Annar tveggja endurskoðanda Vísis hf. fyrtist við vegna athugasemda minna. Virðist hann ekki átta sig á að athugasemdir mínar eru almenns eðlis og beinast ekki að honum persónulega. Ég beini augum að því sem kalla má „íslenska endurskoðunarvenju“ varðandi umfjöllun í ársreikningi um óefnisleg réttindi (kvóta), en sum íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fá slík réttindi, sem eru afar verð-

mæt, nánast ókeypis til ráðstöfunar. Án kvótans væru útgerðarfyrirtækin varla rekstrarhæf. Samt láta endurskoðendur íslensku útgerðarfyrirtækjanna eins og þessi réttindi séu borðskraut á skrifborði forstjóra fyrirtækjanna þegar gerð er grein fyrir þeim í árskýrslu í trássi við ótal ákvæði laga og reglugerða!

Endurskoðandinn virðist telja að gagnrýni á störf fólks í hans starfsstétt eigi ekki erindi við almenning. „Leiðbeinir“ hann mér með því að benda mér á að senda athugasemdir við framkvæmd hans og annarra á ársreikningslögnum til Ársreikningaskrár. Fyrir þá sem ekki vita þá rekur Ársreikningaskrá pósthólf á vegum Ríkisskattstjóra. Þar er tekið við ársreikningum og þeim komið í almenna birtingu á vef RSK. Ársreikningaskrá hefur heimildir til að sekta lögáðila sem ekki virða tímafresti eða skila

ófullnægjandi gögnum. Ársreikningaskrá hefur að öðru leyti ekkert eftirlitshlutverk með túlkun stjórnenda fyrirtækja eða endurskoðanda á ákvæðum ársreikningslaga, a.m.k. ekki hvað varðar upplýsingar sem þarf að birta til að reikningur gefi glögga mynd af árangri í rekstri félags, stöðu þess og þróun. Endurskoðandinn vill sem sagt senda mig í geitarhús að leita ullar!

Endurskoðunarráð er eftirlitsaðili með störfum endurskoðanda, auk þess sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlitshlutverki að gegna gagnvart endurskoðun félaga sem sterkir almannahagsmunir eru tengdir við (sjá VIII. kafla laga nr. 94/2019). Ég vil benda þessum aðilum á ummæli sem höfð eru eftir endurskoðandanum í samtali við vefmiðilinn visir.is 28. júlí sl. Þar er haft eftir endurskoðandanum: „Hann (Þóroldur, innskot þM) er í heilagri pólitískri baráttu gegn sjávarútvegi og kvótakerfi og öllu því.“ Mér þykir rétt að Endurskoðunarráð og eftir atvikum Fjármálaeftirlit athugi hvort þessi ummæli brjóti ekki gegn ákvæðum 23. og 24. gr. laga númer 94/2019. Enn fremur hvort endurskoðaður og áritaður reikningur Vísis hf. vegna ársins 2020 og síðar standist kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 102/2020 og hvort áritun endurskoðanda á þau uppfylli ákvæði 104. gr. ársreikningslaganna.

Endurskoðandinn endar grein sína í Fréttablaðinu 28. júlí sl. á að boða að hann muni kæra skrif mín til síðanefndar Háskóla Íslands. Yfirlýsingin minnir á atvik úr sandkassaleikjum bernskunnar. En henni fylgir þó alvarlegur undirtónn því í henni felst tilraun til þöggunar, ekki bara gagnvart mér heldur gagnvart öllum öðrum háskólamönnum sem hafa vilja og áhuga á að tjá sig um sjávarútvegs- mál og framkvæmd sjávarútvegsstefnu. Kannski er það tilgangurinn? ■




Endurskoðandinn vill sem sagt senda mig í geitarhús að leita ullar!

Merkisatburðir

- 1704** Ensar og hollenskar sveitir hertaka Gíbraltar.
- 1796** Hannes Finnsson Skálholtsbiskup andast. Hann er einn menntaðasti Íslendingur sinnar tíðar. Af ritum hans má til dæmis nefna Um mannfækkun af hallærum á Íslandi.
- 1903** Giuseppe Melchiorre Sarto verður Píus 10. páfi.
- 1907** Ungmennafélag Íslands stofnað og er fyrsti formaður þess Jóhannes Jósefsson.
- 1928** Ásta Jóhannesdóttir syndir frá Viðey til Reykjavíkur. Sundið tekur tæpar tvær klukkustundir og er um fjórir kílómetrar.
- 1944** Gestapómenn ryðjast inn í fylgsni fjölskyldu **Önnu Frank** og handtaka alla sem þar hafast við.
- 1947** Hæstiréttur Japans er stofnaður.
- 1972** Idi Amin tilkynnir að allir asískir verkamenn með bresk vegabréf verði að hverfa frá Úganda innan þriggja mánaða.
- 1974** Italicus-sprengjan: Sprengja springur um borð í lest á milli Flórens og Bologna. 12 látast.
- 1977** Orkustofnun Bandaríkjanna er stofnuð.
- 1977** Sprengjumaðurinn frá Gladsaxe sprengir sína fyrstu sprengju í símaklefa í Kaupmannahöfn.
- 1979** Stokkhólmsmaraðonið er hlaupið í fyrsta skipti.
- 1984** Efri-Volta tekur upp nafnið Búrkina Fasó.



- 1993** Alríkisdómari dæmir tvo lögreglumenn frá Los Angeles í þrjátíu mánaða fangelsi fyrir að hafa brotið á réttindum **Rodneys King**, eins og það var orðað.
- 1995** Króatíuher hefur Stormaðgerðina gegn Króatíuserbum í Krajinahéraði.
- 1997** 185.000 bílstjórar hjá United Parcel Service fara í verkfall.
- 1998** Afríkustríðið mikla hefst í Kongó.
- 2006** 17 hjálparstarfsmenn eru myrtir í bænum Muttur á Srí Lanka.
- 2007** Phoenix, geimskipi NASA, er skotið á loft.



Hinsegin dagar voru settir í Bankastræti, þar var málaður regnbogi á götuna. Hátíðinni lýkur á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Öll fræðsla og viðburðir á einum og sama stað

Í fyrsta sinn verða allir fræðsluviðburðir Hinsegin daga teknir saman í eina heild og úr verður sérstök Regnbogaráðstefna Hinsegin daga.

benediktboas@frettabladid.is

Ráðstefna Hinsegin daga byrjaði í gær og heldur áfram í dag, annars vegar í Pride Center, sem er staðsett á Geirsgötu 9, og hins vegar á Borgarbókasafninu Grófinni.

Á dagskrá ráðstefnunnar er fjöldi áhugaverðra og fræðandi fyrirlestra, erinda, pallborða og fleira um fjölbreytt málefni tengd hinsegin samfélaginu. Allir dagskrárliðir ráðstefnunnar eru táknmalstúlkaðir.

Í gær var til dæmis fyrirlestur um Trans fólk og afreksíþróttir sem hefur verið í deiglu undanfarið, Hinsegin í heimabyggð og Hinsegin í tölvuleikjum. Í dag verða fjórir viðburðir og hefjast þeir klukkan 12.30 þar sem rætt verður um Fjölastir og fjölbreytileikann. Ofbeldisforvarnarskólinn sér um Hatrið sem þú hunsar er fordæmið sem þú setur! og enskur fyrirlestur er á dagskrá um Hatrið í heiminum áður en Hvað felst í jafnrétti fyrir kvár? verður í lok dagskrár.

Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður Hinsegin daga, hafði í ansi mörg horn að líta þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans en hann segir að á þessum tveimur stöðum sé búið að safna saman allri fræðslu og viðburðum sem Hinsegin dagar hafa lagt áherslu á í mörg ár í eina heild.



Gunnlaugur Bragi Björnsson.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við erum að keyra þetta í þessu ráðstefnuformi og gera þessu þar með hærra undir höfði en að dreifa þessu hér og þar yfir alla dagana.“

Gunnlaugur bendir á að mikið af þessum fyrirlestrum og fræðslu komi inn á borð Hinsegin daga og sé ekkert frá þeim komið. „Mörg þessara erinda koma til okkar. Við erum að sitja sem minnst og hugsa um hvað sé áhugavert heldur erum í samtölum við okkar fólk og mikið af þessu kemur inn til okkar frá fólki sem vill ræða um þessi atriði. Tölvuleikjahlutinn til dæmis kemur frá aðilum í þeim geira sem vildu ræða þessi mál. Enda er hinsegin fólk ekki algengt í tölvuleikjum.“

Þarna skapast vettvangur þar sem hægt er að kafa í hlutina og ræða þessi mál.“

Miðbær Reykjavíkur er kjafthullur

af erlendum ferðamönnum en Gunnlaugur segir að margir komi sérstaklega til Íslands til að taka þátt en Hinsegin dagar halda ekki sérstaklega utan um erlenda gesti. „Við vitum að það er mjög stór hópur erlendra gesta sem kemur sérstaklega hingað til lands til að taka þátt. Við fáum mikið af fyrirspurnum erlendis frá og einhverjir eru hérna fyrir tilviljun og grípa tækifærið. En það er vonlaust að giska á fjöldann.“

Aðspurður segist hann hafa gleðina í hjartanu og þó það sé mikið að gera sé ótrúlega gaman að vera til. „Púlsinn er góður þótt hann sé hraður. Það var svo gaman að vera í opnuninni og finna hvað fólk var tilbúið að koma saman. Þetta var mätuleg blanda af pólitík, aktífisma og góðri gleði. Maður fann að þetta var eitthvað sem fólk þurfti og við erum lukkuleg.“ ■

Þetta gerðist: 4. ágúst 1796

Hannes biskup ber beinin

Hannes Finnsson Skálholtsbiskup andaðist á þessum degi árið 1796. Hannes fæddist í Reykholti í Borgarfirði 8. maí árið 1739, sonur prestshjónanna þar, séra Finns Jónssonar, sem síðar varð biskup í Skálholti, og Guðríðar Gísladóttur.

Hannes útskrifaðist sextán ára úr Skálholtsskóla 1755 og hélt um sumarið til guðfræðináms við Hafnarháskóla. Embættispróf í guðfræði tók hann 1763.

Á þeim tólf árum, sem Hannes dvaldist samfleytt í Kaupmannahöfn, kynntist hann mörgum helstu fræðimönnum Danmerkur. Hannes sneri



Hannes var vígður aðstoðarbiskup til Skálholts 1777. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

heim í Skálholt til að aðstoða föður sinn við ýmis fræðistörf árið 1767. Hann hélt aftur til Kaupmannahafnar

1770 og dvaldi þar næstu árin við störf í íslenskum fræðum.

Hannes var vígður aðstoðarbiskup til Skálholts 1777. Séra Finnur lét af embætti árið 1785 og var Hannes þá einn biskup. Árið áður höfðu Suðurlandsskjálftar lagt Skálholtsstað meira og minna í rúst og átti að flytja biskupsstólinn til Reykjavíkur. Hannes keypti þá Skálholtsstað og fékk að sitja þar áfram sem hann og gerði til æviloka. Hannes dó hinn 4. ágúst 1796 í Skálholti eftir skyndileg veikindi.

Á síðustu æviárum skrifaði hann tvö merkustu rit sín: Um mannfækkun af hallærum á Íslandi og Kvöldvökur. ■



Faðir okkar,
Gísli Arnór Víkingsson

sem lést mánudaginn 18. júlí verður jarðsunninn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ögmundur Viðar Rúnarsson Ingibjörg Helga Gísladóttir



Okkar elskulega,
Steinunn Vigfúsdóttir
(Una)
Skúlagötu 40a,
áður til heimilis á Seyðisfirði,
lést á Líknaardeild Landspítalans í Kópavogi þann 20. júlí.
Bálför hefur farið fram.
Minningarathöfn auglýst síðar.

F. h. aðstandenda
Guðsteina Hreiðarsdóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 4. ágúst 2022



Nýja KFC-lína Hype þykir einkar lifleg og töff. MYND/KFC/HYPE

Hipp og kúl KFC

thordisg@frettabladid.is

Hvern dreymir ekki um að klæðast eitursvölum jakka myndskreyttum brakandi stökkum kjúklinga-leggjum frá KFC og skarta derhúfu í stíl? Allt getur það nú ræst því bandaríski kjúklingarisinn KFC hefur kynnt til sögunnar eigin tískufatnað í samstarfi við breska lífsstílsmerkið Hype.

Fatalínan samanstendur af 47 flikum og fylgihlutum, þar á meðal hettupeysum, sólhöttum, jökkum, bakpokum, toppum, t-bolum, jogging-buxum, derhúfum og úlpum.

Sagan, matseðlar og slagorð

Það sem fyllti hönnuði Hype andagift við hönnun KFC-línunnar, sem þykir einstaklega hressandi og súpersvöl, var saga, matseðlar og alþekkt slagorð KFC. Þá má nefna derhúfur með áletruninni „Bargain Bucket“ yfir í snjóhvíta kósígalla með rauðletruðu slagorði KFC, „Finger Lickin' Good“, á skálmum og bol, sem og ofurtöff „vintage“ kappakstursjakka með ísaumuðu skjaldarmerki KFC og fleira finu.

Í tískulínu Hype má líka finna skemmtilega fylgihluti, eins og hvítar og rauðar KFC-töskur, sem líta út eins og KFC-kjúklingafötur, og sérstakar drykkjartöskur.

Fatalínan verður fyrst fól í vefverslun Hype, uk.justhype.com, í dag, fimmtudaginn 4. ágúst, og í verslun Hype á Carnaby Street í Lundúnum. Þar verður mikið húllumhæ og geta gestir skapað sína eigin stuttermaboli með úrvali mynda af matseðli KFC. ■

Keðjuverk sem fjötra líkamann



Þórunn Heba Bjarnadóttir hefur vakið athygli að undanfögnu fyrir keðjur sem hún setur saman í líkamslistaverk sem hægt er að klæðast. Keðjurnar, skartið og fylgihlutina skapar hún undir nafninu Habe – Chainwork. **2**

Ég myndi lýsa verkunum mínum sem hráum, áberandi og djörfum, segir Þórunn Heba.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022



BESTA
SÖLARVÖRNIN
7 ár
ÍRÖÐ

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Þórunn Heba byrjaði fyrst árið 2015 að selja hártægjur með handgerðum slaufum á Facebook undir nafninu Hebuslaufur. „Ég fékk nokkrar pantanir og var alsæl með það. Svo breytti ég Facebook síðunni í Habe by Heba og fór að setja inn hluti úr keðjum. Ég man ekki alveg af hverju ég byrjaði með keðjurnar, og þó? Ég elska chokera og hafði keypt þannig og hugsaði með mér að ég gæti alveg prófað að gera líkamskeðjur og chokera sjálf,“ segir Þórunn Heba.

„Margir þekkja mig enn undir Habe by Heba, enda hef ég lengst af notast við það nafn, en ég varð þreytt á þessu „by“, því það eru svo margir að nota það í dag. Svo núna er ég bara Habe sem gerir keðju-dót! Habe var svo frátekið á Instagram svo chainwork varð fyrir valinu eftir miklar vangaveltur. Ég tók mér þásu við sköpunina árið 2021 vegna veikinda en er núna byrjuð á fullu aftur.“ Hægt er að nálgast verkin hennar Þórunnar Hebu á Instagram @habe_chainwork. „Ég fylgist ekki jafn vel með Facebook-síðunni svo það er best að hafa samband við mig á Instagram.“

Hrá, áberandi og djörf

Þórunn Heba er 31 árs og lauk stúdentsprófi ásamt hönnunar- og handverksbraut við Tækniskólann. Hún er langt komin með BA í mannfræði við HÍ. Þegar hún er ekki að skapa úr keðjum og leðri þá vinnur hún á leikskóla. Þórunn Heba lítur á verkin, sem hún býr til úr keðju, leðri/pleðri, kristöllum og perlum, sem listsköpun fremur en söluvöru, þó svo auðvitað sé hægt að kaupa þau.

„Ég myndi lýsa verkunum mínum sem hráum, áberandi og djörfum. Til þess að fá innblástur sest ég vanalega fyrir framan ginu og byrja á því að leika mér í

einhverju fikti með hráefnið. Ég fæ líka hugmyndir af netinu og úr sjónvarpinu og geri að mínu. Til dæmis byrjaði ég fyrst að gera hárkeðjur þegar ég sá konu með svoleiðis syngja fyrir hönd Lettlands í Eurovision eitthvert árið. Fólk hefur líka sent mér hlekkir af Pinterest og ég hef gert mínar eigin útgáfur. Það verður aldrei nákvæmlega eins og fyrirmyndin.“

Hvað er það sem heillar þig við hráefnin sem þú notar?

„Keðjur heilla mig vegna þess að þær eru fjölbreyttar í útliti og ég elska að tengja þær saman. Leður/pleður nota ég mikið því ég elska leður og það er létt að skera það til og festa saman á videigandi hátt. Ég hef líka aðeins verið að fíkta með perlur því ég elska steina, en það er ekki nærri því eins vinsælt. Flest af hráefnunum kaupi ég á netinu, í nytjamörkuðum og svo í byggingarvöruverslunum.“

Elskar að vinna með fólki

Þórunn Heba segist ekki hafa hugmynd um hversu margar líkamskeðjur og fylgihluti hún hefur gert. „Ég er að búa þetta til heima í stofunni. Þá tek ég bæði við pöntunum frá viðskiptavinum og geri líka persónulega fyrir fólk. Mér þykir rosalega gaman að vinna með fólki og er alltaf með opinn hug þegar fólk sendir mér línu. Ef ég er að gera líkamskeðju fyrir fólk þá bið ég um brjóst-, mjaðma- og mittismál. Einstaka sinnur geri ég bara eitt stykki af einhverju og þá tek ég það sérstaklega fram. Ég hef líka gert privat fyrir ljósmyndatökur.“

Einnig gerði ég mikið af líkamskeðjum og fylgihlutum fyrir hljómsveitina Kæluna miklu fyrir tónleika á árunum 2016–2020. Ég veit ekki til þess að fleiri hafi skartað mér á sviði. Ég hef hins

Þórunn segir að keðjur heilli hana vegna þess að þær eru fjölbreyttar í útliti og henni finnst gaman að tengja þær saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI




Til dæmis byrjaði ég fyrst að gera hárkeðjur þegar ég sá konu með svoleiðis syngja fyrir hönd Lettlands í Eurovision eitthvert árið.



Þórunn hefur gert marga fylgihluti fyrir hljómsveitina Kæluna miklu.



Skartið er gróft og skemmtilegt.



Hér má sjá úrval af keðjum sem Þórunn hefur gert.

vegar fengið skiptidíl við nokkra áhrifavalda, fengið myndir í skiptum fyrir skart.“

En hvað með nafnið Habe? Er þetta orðagrín eða er dýpri merking að baki? „Það er reyndar skemmtilegt að segja frá því að þegar ég var í grunnskóla fórum við í heimsókn á sjúkrahúsið. Í heimsókninni var okkur, sem

höfðum alltaf búið í sveitarfélaginu, gefin mynd sem við teiknuðum í fjögurra ára skoðun. Ég hafði teiknað mannveru og skrifað stórum stöfum HABA, en ekki Heba. Mér finnst þetta svo fyndið og hef hlegið mikið að þessu með mínum nánustu. Svo já og nei, orðagrín. Myndi samt segja já.“ ■



YEST/YESTA síður kjóll
Stærðir 38-52
Verð 16.980 kr

YEST/YESTA peysujakki
Stærðir 38-52
Verð 13.980 kr

YESTA Ankairia tunika
Stærðir 44-56
Verð 10.980 kr

YEST/YESTA kósýpeysa
Stærðir 38-52
Verð 9.980 kr

ES&SY Holly Hettupeysa
Fæst líka í hvítu
Stærðir 38-46
Verð 9.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

Q'UE



YESTA - April opin peysa
Stærðir 44-60
Fæst í fleiri litum
Verð 8.980 kr

ES&SY Sofia kvartermabolur
Stærðir 36-46
Verð 6.980 kr

YEST Yalba stuttermabolur
Fæst líka í svörtu og hvítu
Stærðir 36-48
Verð 4.980 kr

SANDGAARD Amsterdam stuttermabolur
Fæst í fleiri litum - Stærðir 38-54
Verð 3.980 kr

FESTIVAL síður hlýrabolur/aðhaldsbolur
Stærðir 38-56
Verð 5.690 kr

SUNDAY
by Godske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



YEST/YESTA kvartbuxur
Stærðir 38-52
Verð 11.980 kr

YEST/YESTA Gallabuxna jeggings
Stærðir 36-60
Verð 11.980 kr

YEST/YESTA Ornika-Arnika treggings
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-60
Verð 6.980-8.980 kr

ROBELL Enie pleður treggings
Fást í fleiri litum
Stærðir 40-52
Verð 13.980 kr

JANA leður götuskór
Fást í rauðu og svörtu
Stærðir 37-42
Verð 18.990 kr

Verzlunin Belladonna

belladonna

Lítu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Sýnileiki er lykillinn að samþykki

Sýnilegur hinseginleiki í óperum er viðfangsefni sumartónleikaraðarinnar Söngljóðasúpa í Norræna húsinu á fimmtudag.

starri@frettabladid.is

Sumartónleikaröðin Söngljóðasúpa í Norræna húsinu heldur áfram í dag en þá munu Íris Björk Gunnarsdóttir óperusöngkona og Matthildur Anna Gísladóttir píanóleikari flytja aríur úr ýmsum óperum með sýnilegum hinseginleika. Auk þess mun Íris fjalla um rannsókn sína á hinseginleika á óperusviðinu á fræðandi og skemmtilegan hátt.

„Hugmyndin að þessum tónleikum kviknaði fyrir nokkrum árum þegar ég áttaði mig á því hvað margar óperur eru einsleitir og stereótýpur kynjanna sterkar. Þær óperur sem ég þekkti þá voru allar um gagnkynhneigt siskynja fólk en ég þræði að sjá meiri fjölbreytileika í óperuheiminum. Ég fór að lesa mér til um efnið og sá þá að engin samantekt á hinseginleika á óperusviðinu var til. Því ákvað ég að bæta þar úr og sótti um styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefni mitt, Hinseginleiki á óperusviðinu, sem ég fékk sumarið 2020,“ segir Íris Björk.

Tónleikaröðin er í samstarfi við veitingastaðinn Sónó matseljur, Norræna húsið, Reykjavíkurborg og Óperudaga, en tónleikarnir eru auk þess á dagskrá Hinsegin daga.

Hennar framlag til baráttunnar
Þegar Íris hélt áfram að þróa verkefnið sitt fann hún líka þörf fyrir að flytja þessa tónlist hérlendis og sýna þannig áhorfendum fjölbreytileikann í óperuheiminum. „Það eru til svo ofboðslega fallegar óperur sem segja sögur hinsegin einstaklinga og ég hlakka til að gera það einn daginn að veruleika að flytja einhverja þeirra í heild sinni hér á Íslandi. Tónleikarnir eru mitt framlag til jafnréttisbaráttu hinsegin einstaklinga á mínu sérsviði. Sýnileiki er lykillinn að samþykki og á tónleikunum geri ég hinseginleikann sýnilegan gerandi það sem ég geri best, sem er að syngja.“

Tónlistin á tónleikunum spannar langt tímabil, allt frá 18. öld til dagsins í dag. „Við munum flytja aríur meðal annars eftir Händel, Alban Berg, Paulu M. Kimper og Ricky Ian Gordon. Allar ariurnar eiga það sameiginlegt að það er skýr sýnilegur hinseginleiki í óperunum þar sem þær koma fyrir. Matthildur var einn af kennurum mínum í Listaháskóla Íslands og þegar ég bar undir hana að gera þessa tónleika með mér var hún ekki lengi að svara játandi. Hún kemur því inn í verkefnið sem meðleikari á tónleikunum og ég er meiri háttar heppin með það.“

Bregður sér í mörg hlutverk
Íris bregður sér í ólík hlutverk á tónleikunum enda segist hún hafa ákveðið að vera með alger-



Matthildur Anna Gísladóttir píanóleikari og Íris Björk óperusöngkona koma fram á tónleikunum í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

ÚTSÖLULOK



50-70%
afsláttur



SKOÐIÐ
LAXDAL.IS

Fylgið okkur á FB

Laxdal er í leiðinni



Skipholt 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

lega opinn hug varðandi raddfag þegar hún valdi tónlistina fyrir tónleikana. „Því varð það þannig á endanum að engin af þeim aríum sem ég mun syngja eru skrifaðar fyrir söprönu, mitt venjulega raddfag. Mér finnst sérstaklega skemmtilegt að fá tækifæri til þess að flytja tónlist sem ég myndi aldrei annars syngja. Þannig mun ég til dæmis syngja tenórariuna úr einni af mínum uppáhaldsóperum, Peter Grimes eftir Benjamin Britten. Ég bregð mér í hlutverk nokkurra lesbia, geldingssöngvara, ástsjúks unglingspils, Gertrude Stein og útskúfaðs sjómanns. Nær allar ariurnar fjalla um ástina, bæði óendurgoldna ást og fallegar ástarsögur.“

Fjölbreyttari umfjöllunarefni
Íris hóf rannsóknina sumarið 2020 eins og fyrr segir og var hún gerð undir handleiðslu kennara hennar, Þóru Einarsdóttur óperusöngkonu. „Ég fann á fimmta tug ópera sem höfðu skýran hinseginleika og enn fleiri þar sem skynja má hinseginleikann milli línanna. Þá stóð til að halda tónleika í samstarfi við Óperudaga og Hinsegin daga, sem þurfti að fresta vegna heimsfaraldursins, en nú eru tónleikarnir loksins að verða að veruleika.“

Hún segir niðurstöður rannsóknarinnar sýna skýrt að óperum með sýnilega hinsegin einstaklinga fer fjölgandi með hverju árinu. „Flestar þeirra fjalla um fallegt samkynja ástarsamband en líka eru til óperur sem fjalla um kynleiðréttingarferli trans konu, Stonewall-uppreisnina og ofbeldi gegn hinsegin einstaklingum svo eitthvað sé nefnt.“

Viðhorf margra samfélaga er loksins að færast í átt að því að við megum öll vera við sjálf að sögn

Flestar þeirra fjalla um fallegt samkynja ástarsamband en líka eru til óperur sem fjalla um kynleiðréttingarferli trans konu, Stonewall uppreisnina og ofbeldi gegn hinsegin einstaklingum svo eitthvað sé nefnt.

Írisar. „Það verður því spennandi að fylgjast með þróun sýnileika hinseginleikans á óperusviðinu á komandi árum og margt bendir til þess að umfjöllunarefni ópera verði fjölbreyttari með hverju árinu sem líður. Vonandi halda ung tónskáld og óperutextaskáld samtímans áfram að nota sköpunargáfu sína til þess að semja óperur þar sem fjölbreytileiki mannlífsins er sýnilegur, bæði í sögunum sem sagðar eru og í þeim einstaklingum sem þar stiga á svið.“

Spennandi dagskrá í boði

Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Hinsegin daga. Dagskrá þeirra er fjölbreytt og er Íris spennt yfir mörgum viðburðum. „Ég hlakka alltaf til að fara í gönguna og geri það að sjálfsgöðu í ár eins og alltaf. Það er úr mörgu að velja og ég ætla að fara til dæmis á einhverja af þeim fræðandi viðburðum sem eru í boði. Jafnréttisbaráttu hinsegin einstaklinga stendur mér nærri hjarta og ég trúir því staðfastlega að með fræðslu verðum við öll visari.

Fordómar verða til vegna fáfræði og því er ánægjulegt að sjá hve mikil fræðsla er í boði á Hinsegin dögum í ár. Einnig er ég spennt fyrir tónleikum sönghópsins Viðlags og svo hljómar Rocky Horror Sing-a-long líka fánalega skemmtilegt.

Innra með mér býr forfallinn söngleikjanörð þó að óperurnar eigi hug minn flesta daga.“

Mörg verkefni fram undan

